

Miðvikudaginn 13. maí 1998.

Nr. 191/1998.

Guðmundur Reykjalín
Haraldur Jóhannsson og
Jóhannes Jónsson

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Almari Grímssyni
Bessa Gíslasyni
Pór Sigbórssyni og
Miðey ehf.

(enginn)

Kærumál. Lögbann. Einkahlutafélag.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 21. apríl 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. maí sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1998, þar sem felld var úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 5. mars sama árs og lagt fyrir hann að leggja á lögbann samkvæmt kröfu varnaraðila gegn tryggingu, sem hann meti hæfilega, við nánar tilteknum athöfnum sóknaraðila eða þeirra, sem kunni að leiða rétt frá þeim. Kæruheimild er í 1. mgr. 35. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., sbr. 4. mgr. 91. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, svo sem þeim lögum var breytt með 102. gr. laga nr. 92/1991. Sóknaraðilar krefjast þess aðallega, að kröfu varnaraðila um lögbann verði hafnað og þeim gert að greiða málskostnað. Til vara krefjast sóknaraðilar þess, að varnaraðilum verði gert að setja hverjum sóknaraðila tryggingu, að fjárhæð 10.000.000 krónur, ef heimilað verði að leggja lögbann á.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest niðurstaða hans um, að sýslumanni beri að leggja á umbeðið lögbann. Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. laga nr. 31/1990 er það sýslumanns að taka ákvörðun um fjárhæð tryggingar, þegar ákveðið hefur verið,

að lögbann verði lagt við athöfn gerðarþola. Hefur héraðsdómari því réttilega lagt þá ákvörðun í hendur sýslumanns með hinum kærða úrskurði. Verður úrskurður héraðsdóms því staðfestur.

Þar sem varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti, verður kærumálskostnaður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. apríl 1998.

I.

Mál þetta, sem þingfest var 11. mars sl., var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 1. apríl sl.

Sóknaraðilar, Almar Grímsson, kt. 160442-2049, Háahvammi 7, Hafnarfirði, Bessi Gíslason, kt. 060149-6589, Barmahlíð 7, Reykjavík, Þór Sigþórs-son, kt. 050751-4579, Bollagörðum 9, Seltjarnarnesi, og Miðey ehf., kt. 610897-2589, Háahvammi 7, Hafnarfirði, gera þær dómkröfur, að felld verði úr gildi sú ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 5. mars sl. að hafna þeim kröfum sóknaraðila, að lagt verði á lögbann við því, að varnaraðilar geti nýtt sér atkvæðisrétt eða annan rétt, sem fylgir því hlutafé, að nafn-verði 4.800.000 kr., sem skráð var á Almar Grímsson í hlutaskrá Lyfjabúða ehf. 1. september 1997. Hins sama er krafist vegna hlutafjár, að nafnverði 1.200.000 kr., sem skráð var á Guðmund Reykjalin í hlutaskrá Lyfjabúða ehf. 1. september 1997 og hann fór með í umboði Þórs Sigþórssonar. Nái lögbann þetta einnig til þeirra, sem kunna að reisa rétt sinn á framsali þess-ara hluta frá gerðarþolum.

Þá krefjast þeir þess, að varnaraðilum verði óskipt gert að greiða sér málskostnað.

Varnaraðilinn Guðmundur Reykjalin, kt. 141152-7699, Miðbraut 36, Sel-tjarnarnesi, krefst þess, að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Verði fallist á kröfur sóknaraðila um lögbann, er þess krafist, að þeim verði gert að setja tryggingu, að fjárhæð 20.000.000 króna. Þá krefst hann málskostnaðar.

Varnaraðilarnir Haraldur Jóhannsson, kt. 080454-3099, Neströð 7, Sel-tjarnarnesi, og Jóhannes Jónsson, kt. 310840-3009, Barðaströnd 9, Seltjarn-arnesi, krefjast þess, að kröfu sóknaraðila verði hafnað. Verði fallist á kröfu sóknaraðila, krefjast þeir þess, að trygging vegna hvors um sig verði ákveð-in 10.000.000 króna. Þá krefjast þeir málskostnaðar.

II.

8. janúar sl. barst sýslumanninum í Reykjavík lögbannsbeiðni sú, sem hér er til umfjöllunar. Með bréfi sýslumanns sama dag var beiðnin endursend með vísan til 26. gr., sbr. 8. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl., en sú ákvörðun var síðan felld úr gildi með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. febrúar sl. og lagt fyrir sýslumann að taka umrædda beiðni fyrir.

Sýslumaður tók lögbannsbeiðnina fyrir 24. febrúar sl. og aftur 4. og 5. mars. Niðurstaða hans varð sú, að ekki væri „unnt að verða við kröfu gerðarbeiðenda um lögbann. Sú niðurstaða byggist ekki síst á því, að líklegt verður að telja, að 1. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. eigi hér við. Því er kynnt sú ákvörðun, að synjað er um, að lagt verði á lögbann það, sem krafist er í fram lagðri lögbannsbeiðni.“

Með bréfi til Héraðsdóms Reykjavíkur 6. mars sl., sem barst dóminum sama dag, kröfðust sóknaraðilar úrlausnar dómsins um framangreinda ákvörðun sýslumanns, og var mál til úrlausnar þeim ágreiningi þingfest, eins og áður greinir, 11. mars sl.

III.

Sóknaraðilar kveða Lyfjabúðir ehf. hafa verið stofnaðar 21. júlí 1996, og hafi tilgangur félagsins verið rekstur apóteka o. fl. Upphaflegt hlutafé hafi verið 9.500.000 kr., sem hafi skipst þannig:

Almar Grímsson	kr.	2.000.000
Bessi Gíslason	–	2.000.000
Guðmundur Reykjalín	–	2.000.000
Haraldur Jóhannsson	–	500.000
Jóhannes Jónsson	–	1.000.000
Aukahlutir í eigu Þórs Sigþórssonar	–	2.000.000

Hafi allt hlutafé félagsins verið þegar greitt við stofnun þess samkvæmt stofnskrá. Tilefni framangreindra aukahluta hafi verið, að hluthafarnir Almar, Bessi, Guðmundur og Þór hafi gert með sér hluthafasamkomulag þess efnis, að þeir hinar fyrstnefndu væru skrifaðir fyrir hinum svonefndu auka-hlutum, en Þór ætti þá og greiddi fyrir þá. Skyldu Almar, Bessi og Guðmundur fara með atkvæðisrétt fyrir þá hluti á hluthafafundum í umboði Þórs. Hvenær sem væri, skyldi Þór heimilt að fá hlutina, 3.600.000 kr., færða á sitt nafn, og teldist það ekki framsal hluta, sem sættu forkaupsrétti félags og hluthafa. Þær 2.000.000 kr., er Þór hafi lagt til félagsins sem hlutafé, hafi þannig verið skráðar að þriðjungi á hvern þeirra Almars, Bessa og Guðmundar. Hver þeirra var því í raun skráður fyrir 2.666.667 kr. Til að tryggja,

að fyrir væri sönnun þess, að félaginu og öllum hluthöfum væri fyrirkomulag þetta kunnugt, hafi 27. febrúar 1997 verið gert minnisblað, undirritað af öllum stjórnarmönnum félagsins, öllum skráðum hluthöfum þess og framkvæmdastjóra, þar sem ofangreint er staðfest. Löggiltur endurskoðandi félagsins hafi áritað skjalið og varðveitt frumritið.

Í fyrstu stjórn félagsins hafi verið kosnir Almar Grímsson, Bessi Gíslason og Jóhannes Jónsson, Almar stjórnarformaður, Guðmundur Reykjalín ráðinn framkvæmdastjóri og Lárus Halldórsson endurskoðandi.

Þegar hlutafé Lyfjabúða ehf. hafi verið hækkað úr 9.500.000 kr. í 20.000.000 kr. árið 1997, kveða sóknaraðilar Þór Sigþórsson hafa verið skráðan fyrir 1.600.000 kr. af hækkuninni, og 15. ágúst 1997 hafi Guðmundur Reykjalín skrifað Þór bréf og minnt hann á að greiða ógreitt hlutafé sitt, 1.600.000 kr., auk dráttarvaxta eigi síðar en 22. ágúst 1997. Þór hafi fyrir milligöngu bróður síns, Óðins Sigþórssonar, greitt hlutafjáraukninguna inn á reikning félagsins þann dag auk dráttarvaxta, og var það sami háttur og hafður var á innborgun stofnhlutafjárframlags Þórs, 2.000.000 kr. Hafi þá Hlutafélagaskrá verið tilkynnt, að hlutafjáraukningin hafi verið að fullu greidd.

Samkvæmt hlutaskrá 1. september 1997 nemur hlutafé 20.000.000 kr., og kallast aukahlutir 3.600.000 kr., 18% af hlutafénu, og við hluti hluthafanna Almars, Bessa og Guðmundar er bætt þannig, að hver þeirra er talinn fyrir aukahlutum að fjárhæð 1.200.000 kr.

Sóknaraðilar kveða stjórn félagsins hafa boðað 14. nóvember 1997 til hluthafafundar í félaginu, og skyldi hann haldinn 21. nóvember sl. Í samræmi við hluthafasamkomulagið, sem stjórn félagsins fyrir þess hönd og hluthafar aðrir höfðu samþykkt, tilkynnti Þór Sigþórsson 19. nóvember sl., að hann hefði ákveðið, að nú skyldu aukahlutirnir, að nafnverði 3.600.000 kr., færðir á nafn sitt, og tæki sú skráning gildi 20. nóvember sl. Hafi hann sent tilkynningu þess efnis á skráð heimilisfang félagsins, Tjarnargötu 4, Reykjavík. Jafnframt hafi hann sent félaginu sams konar beiðni. Þá hafi hann upplýst stjórnarmennina Almar og Bessa um stöðu málsins, og hafi þeir þegar gefið fyrirmæli um, að breyta skyldi hlutaskránni til samræmis við óskir Þórs á grundvelli fyrri upplýsinga og samkomulags hluthafa og félagsins. Hafi fyrirmæli þessi legið fyrir á heimilisfangi félagsins 21. nóvember sl. og á hluthafafundi í félaginu í upphafi hans sama dag. Þrátt fyrir það hafi lögmaður varnaraðila, sem verið hafi fundarstjóri hluthafafundar, ákveðið, að Þór hefði ekki atkvæðisrétt á fundinum, og hafi hann því ekki setið fundinn. Kröfum meiri hluta stjórnar, Almars og Bessa, um rétta hlutaskrá hafi verið hafnað á fundinum. Samkvæmt þessari ólögmætu

niðurstöðu fundarins hafi staðan verið sú, að Almar og Bessi hafi farið með 18% atkvæða hvor og að auki 12% aukahluti Þórs í hans umboði, samtals 48%. Jóhannes hafi farið með 18%, Guðmundur 18% og Haraldur með 10%, samtals 46%.

Þrátt fyrir athugasemdir og mótmæli umboðsmanns Almars og Bessa og fullkomnar sannanir á fundinum um 18% hluthafarétt Þórs hafi fundarstjóri ákveðið, að fyrst færu fram stjórnarkosningar, og látið kjósa alla þrjá stjórnarmennina í stað hins eina, sem hafði óskað lausnar, Almars Grímssonar. Hafi fundarstjóri virst hafa talið, að Guðmundur Reykjalín væri eigandi ekki aðeins að sínum hlut, 18%, heldur einnig 6% aukahlut Þórs, og því næmi heildarhluthafaaðild Jóhannesar, Guðmundar og Haralds 52%. Með þessu sé gerð tilraun til að svipta Þór lögvernduðum rétti sínum í félaginu og yfirfæra réttindin með ólögmatum hætti. Samkvæmt þessu telja sóknaraðilar, að greindur hluthafafundur í Lyfjabúðum ehf. hafi verið ólöglegur, þar sem ekki hafi verið farið eftir löglegri hlutaskrá á fundinum og Þór og eftir atvikum umboðsmenn hans sviptir atkvæðisrétti gegn betri vitund hlutaðeigandi. Jafnframt hafi atkvæðisréttur Guðmundar Reykjalín verið aukinn ranglega og gegn betri vitund um 6%. Hafi Guðmundur, sem fengið hafi aðstöðu til að binda Þór, þegar honum var veitt umboð til að fara með atkvæðisrétt fyrir hluti Þórs á hluthafafundinum, misnotað aðstöðu sína á fundinum 21. nóvember Þór í óhag, en sér í hag, m. a. með því að kjósa sjálfan sig í stjórn. Enn fremur hafi Guðmundur sem framkvæmdastjóri félagsins stuðlað að þessari niðurstöðu með því að skrá ekki Þór á hlutaskrá félagsins samkvæmt beiðni hans 19. nóvember sl. þrátt fyrir fyrirhafið meiri hluta stjórnar þess efnis frá 21. nóvember sl. og þrátt fyrir minnisblað 27. febrúar 1997, sem Guðmundur hafi undirritað.

Að auki hafi Guðmundur misnotað aðstöðu sína með því að freista þess að neyta forkaupsréttar á hlutfé Almars fyrir 24%, en ekki fyrir 18%, sem séu raunveruleg eign Guðmundar í félaginu, þrátt fyrir framangreint og þrátt fyrir það að allir framangreindir sóknaraðilar, m. a. Þór, séu á sama máli um það, að hluthafar félagsins eigi ekki rétt á að neyta forkaupsréttar við þær aðstæður, sem uppi séu. Hafi Guðmundur geymslugreitt 1.200.000 kr. 24. desember sl. ásamt vöxtum til Óðins Sigþórssonar. Sé greiðslan tilgreind á kvittuninni sem endurgreiðsla á láni vegna hlutafjárkaupa. Eins og fram hafi komið áður, hafi 1.200.000 króna aukahlutur verið skráður á Guðmund vegna greiðslna Óðins f. h. Þórs á hlutfé með greiðslum 19. ágúst 1996, 2.000.000 kr., og 22. ágúst 1997, 1.600.000 kr. Virðist Guðmundur nú halda því fram, að um lán til sín hafi verið að ræða á þessum 1.200.000 kr., þrátt fyrir það að ekki séu nokkur tengsl milli Guðmundar og Óðins,

sem þekkist ekki, og þrátt fyrir minnisblað 27. febrúar 1997, sem Guðmundur hafi undirritað. Virðist ásetningur Guðmundar þannig vera að draga til sín og nota til eigin hlutafjárkaupa það fé, sem greitt hafi verið inn á hlutafjárreikning Lyfjabúða ehf. f. h. Þórs sem hlutafé, en Guðmundur hafi sem framkvæmdastjóri félagsins séð um að innheimta féð og hafði aðgang að reikningnum. Auk þess hafi Guðmundur reynt með þessu að misnota aðstöðu sína sem framkvæmdastjóri félagsins með því að reyna að kaupa hluti á nafnverði, sem Þór ætti rétt á að kaupa, og þannig hafi Guðmundur stefnt að því að auðgast á viðskiptum þessum, enda hlutaféð meira virði en nafnverð þess. Hljóti það að teljast mjög alvarlegt, að framkvæmdastjóri hlutafélags misnoti á framangreindan hátt aðstöðu sína í eigin págu.

Þrátt fyrir það að Guðmundur Reykjalín virðist nú öðrum þræði gera ráð fyrir því, að 3.600.000 kr. greiðsla Óðins Sigþórssonar f. h. Þórs Sigþórssonar á hlutafé á hlutafjárreikning hafi verið persónulegt lán Óðins til sín að nokkru leyti, sem hann hafi nú greitt, sendi Guðmundur eftir fundinn 21. nóvember 1997 Óðni bréf ásamt tékka, að fjárhæð 3.600.000 kr., og segi í bréfinu, að um sé að ræða tékka, sem félaginu hafi borist frá honum 19. ágúst 1996, 2.000.000 kr., og 22. ágúst 1997, 1.600.000 kr. Samkvæmt þessu hafi hlutafé félagsins verið lækkað úr 20.000.000 kr. í 16.400.000 kr., en ekki sé enn vitað, hvernig færslur hafi verið gerðar, enda ekki heimild hluthafafundar til lækkunar hlutafjár. Samkvæmt bréfum til Bessa Gíslasonar 21. nóvember og 18. desember sl. haldi Guðmundur því nú fram, að Almar og Bessi hafi hvor um sig greitt 1.200.000 kr. af 4.800.000 kr. hlut, sem hvor um sig eigi í félaginu. Sé þessu haldið fram, þrátt fyrir það að því hafi verið lýst yfir af hálfu stjórnar Lyfjabúða ehf. og endurskoðanda þess í tilkynningu til Hlutafélagaskrár 28. október sl., að allt hlutafé hafi verið greitt.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telja sóknaraðilar, að Guðmundur Reykjalín beri sem framkvæmdastjóri Lyfjabúða ehf. ábyrgð á bókhaldsóreiðu félagsins, sérstaklega að því er varði hlutafjárreikning þess, og stafi það að miklu leyti af því, að Guðmundur leitist við að misnota eigin aðstöðu og draga til sín fé. Séu brot þessi alvarlegs eðlis, og hafi sóknaraðilar ákveðið að leita réttar síns fyrir stjórnvöldum og dómstólum, enda eigi þeir vegna hins ólögmæta fundar 21. nóvember 1997 ekki aðild að ætlaðri stjórn félagsins þrátt fyrir 54% eignarhluta í því.

Telja sóknaraðilar, að framangreind atvik og aðstæður leiði til þess, að fallast eigi á kröfu þeirra um lögþátt, að því er varði þá aukahluti, sem skráðir voru á Guðmund Reykjalín í hlutaskrá félagsins 1. september sl. Enn fremur renni framangreint stöðum undir kröfu um lögþátt, að því er

varði þá aukahluti, sem skráðir voru á Almar Grímsson í hlutaskrá félagsins 1. september sl. Sé ljóst, að hluthafasamkomulagið á minnisblaðinu 27. febrúar 1997, sem undirritað hafi verið af öllum stjórnarmönnum félagsins, öllum skráðum hluthöfum þess og framkvæmdastjóra og áritað af endurskoðanda félagsins, bindi bæði félagið og hluthafa þess. Hafi félagið farið eftir þessu samkomulagi í rekstri þess, m. a. með því að krefja Þór beint um greiðslu aukahlutafjár. Af þessu leiði, að forkaupsréttur hafi ekki orðið virkur, þótt Þór hafi farið fram á, að aukahlutirnir yrðu skráðir á sitt nafn. Samkvæmt samkomulaginu hafi félaginu borið að verða við beiðni um að breyta skráningu aukahlutanna á fullnægjandi hátt þegar í stað.

Augljóst sé, að með tilkynningu sinni frá 19. nóvember hafi Þór komið beiðni um breytta skráningu aukahlutanna á fullnægjandi hátt á framfæri. Þá sé og ljóst, að meiri hluti stjórnar Lyfjabúða ehf., Almar Grímsson og Bessi Gíslason, sem jafnframt voru skráðir fyrir tveim þriðju af þeim aukahlutum, sem um ræddi innan félagsins, hafi gefið um það fyrirmæli fyrir félagsfundinn 21. nóvember sl., að aukahlutirnir skyldu skráðir á nafn Þórs Sigþórssonar, og að sjálfsögðu bar að fara eftir þessu á fundinum. Hafi Þór þannig einn verið bær að fara með atkvæðisrétt þeirra hluta, sem skráðir voru á Almar, Bessa og Guðmund sem aukahlutir í hlutaskrá félagsins 1. september sl. Eigi hann nú rétt á að fara sjálfur með atkvæðisréttinn sem skráður hlutafi. Guðmundur hafi hins vegar gerst sekur um umboðssvik við meðferð atkvæðisréttarins og jafnframt reynt að draga til sín þá aukahluti, sem Þór hafi greitt og séu í hans eigu, en skráðir á Guðmund. Guðmundur hafi ásamt öðrum varnaraðilum reynt að svipta Þór atkvæðisrétti sínum innan félagsins, m. a. með því að hringla með bókhald þess. Þannig sé óhjákvæmilegt annað en lögbann verði lagt við frekari nýtingu gerðarþola á atkvæðisrétti Þórs.

Á stjórnarfund í Lyfjabúðum ehf. 15. ágúst 1997 hafi stjórnin samþykkt með vísan til umræðu innan stjórnar og hluthafahóps, að hluthöfum, sem við stofnun félagsins skráðu hlut sinn í eigin nafni, væri heimilt að yfirfæra þann hlut á einkafyrirtæki sín. Hafi nokkrir hluthafar haft uppi áform um að færa hluti sína yfir á félög í eigin eigu. Á fundinum hafi verið fjórir af fimm skráðum hluthöfum, þeir Jóhannes, Almar, Bessi og Guðmundur. Samkvæmt þessari heimild hafi Almar tilkynnt 21. ágúst sl., að hann hefði ásamt eiginkonu sinni stofnað nýtt einkahlutafélag, Miðey ehf., og myndi félagið annast umsýslu með hlutafjäreign þeirra í Lyfjabúðum ehf. Boðaði Almar greiðslu hlutafjárukningar 22. ágúst 1997 og óskaði eftir því, að hlutafjäreign sín frá stofnun Lyfjabúða ehf. yrði skráð á Miðey ehf. Í skriflegu svari, sem ritað hafi verið á tilkynningu Almars, staðfesti fram-

kvæmdastjóri félagsins, Guðmundur Reykjalín, þessa heimild með vísan til ákvörðunar stjórnarfundar.

19. nóvember sl. hafi Almar tilkynnt öðrum stjórnarmönnum, að hann hygðist segja af sér stjórnarstörfum á boðuðum hluthafafundi 21. nóvember. Hafi hann jafnframt gefið Grími Sæmundsen fullt umboð til að fara með hlut sinn í félaginu og gæta hagsmuna sinna í því. Á hluthafafundi 21. nóvember hafi ekki einungis verið kosinn stjórnarmaður í stað Almars, heldur ný stjórn með ólögmætum hætti. Stjórn sú, sem varnaraðilar telji hafa verið kjörna á hluthafafundinum, tók þá ákvörðun, samdægurs að því er virðist, að ákveða, að bréf Almars frá 21. ágúst 1997 teldist forkaupsréttarboð og hlutafé hans, að fjárhæð 4.800.000 kr., falt. Var þetta gert fyrirvaralaust þrátt fyrir samþykkt stjórnar frá 15. ágúst sl., skriflegt samþykki framkvæmdastjóra félagsins og að þrír mánuðir væru liðnir, frá því að Almar fór þess á leit, að hlutafé sitt yrði skráð á Miðey ehf., en samkvæmt 7. gr. samþykkt félagsins hafi forkaupsréttarhafar í félaginu tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum frá tilkynningu stjórnar um tilboð. Var allt hlutafé Almars boðið á nafnverði þrátt fyrir það ákvæði 7. greinar, að verði ágreiningur um verð hluta, skuli það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna, sem dómkvaddir skuli til þess starfa. Þrátt fyrir það að áður hefði verið tilkynnt til Hlutafélagaskrár, að stofnhlutafé og hlutafjáraukning hefði verið að fullu greidd, var nú miðað við, að Almar hefði vanefnt að greiða einn fjórða hlutafjárins, 1.200.000 kr. Var því miðað við, að greiðslur fyrir fjárhæð 1.200.000 kr. við neytingu forkaupsréttarins myndu renna til félagsins, en afgangurinn til Almars. Voru öðrum skráðum hluthöfum félagsins send bréf þessa efnis 21. nóvember sl., og neyttu allir nema Bessi, þ. e. allir varnaraðilar, sér forkaupsréttinn samdægurs. Þessu var mótmælt af hálfu Almars með skeytum 24. nóvember sl. til þeirra, sem nýttu sér forkaupsréttinn, og með bréfum 5. desember sl.

Sóknaraðilar telja ekki orka tvímælis, að neyting forkaupsréttarins 21. nóvember sl. sé ólögmæt og að engu hafandi, þannig, að fallast beri á lögbann á þá hluti og aukahluti, sem skráðir voru á Almar Grímsson í hlutaskrá félagsins 1. september sl. Sé ljóst, að forkaupsréttur félagsins og hluthafanna hafi ekki verið virkur vegna eðlis beiðni Almars 21. ágúst um, að hlutafé yrði skráð á Miðey ehf. vegna bókunar stjórnar Lyfjabúða ehf. 15. ágúst sl. og skriflegs samþykkis framkvæmdastjórans. Félagið hafi borið ábyrgð á samþykki framkvæmdastjórans og geti ekki horfið frá því gagnvart Almari. Að auki hafi samþykki falist í því, að það tilkynnti hvorki öðrum hluthöfum um yfirfærsluna né bauð þeim forkaupsrétt fyrr en eftir hinn ólögmæta félagsfund þremur mánuðum síðar. Samkvæmt þessu hafi yfir-

færslan til Miðeyjar ehf. farið löglega fram, og beri því Miðey ehf. að fara með atkvæðisrétt þeirra hluta, sem skráðir voru á Almar Grímsson í hlutaskrá félagsins 1. september 1997.

Pá sé ljóst, að enda þótt talið yrði, að forkaupsréttur hluthafa hafi orðið virkur við beiðni um skráningu á hlutafénu yfir á Miðey ehf., hafi framkvæmdastjóra félagsins borið að tilkynna stjórn og öðrum hluthöfum um forkaupsréttinn þegar í stað. Þegar félagið tilkynnti um yfirfærsluna og forkaupsréttinn 21. nóvember 1997, voru frestir samkvæmt 7. gr. samþykktu félagsins löngu liðnir. Hafi þetta verið á ábyrgð félagsins. Þar sem forkaupsréttarins var ekki neytt innan tilskilins frests, verði niðurstaðan hin sama, að Miðey ehf. beri að fara með atkvæðisrétt viðkomandi hluta. Pá sé ljóst, að þótt talið yrði þrátt fyrir framangreint, að forkaupsréttur hluthafa hafi orðið virkur við beiðni um skráningu hlutafjárins á Miðey ehf. og að frestir samkvæmt 7. gr. samþykktu félagsins hafi ekki verið liðnir, þegar hans var neytt 21. nóvember 1997, voru forsendur tilkynningarinnar 21. ágúst sl. með beiðni um skráningu hlutafjárins á Miðey ehf. algerlega brostnar, ef svo yrði talið. Til að gæta meðalhófs bar skráðri stjórn Lyfjabúða ehf. eftir félagsfundinn 21. nóvember sl. að tilkynna Almari fyrst, að hún teldi yfirfærsluna stofna forkaupsrétt samkvæmt 7. gr. samþykktanna og gefa honum tækifæri á að endurskoða beiðni sína um skráningu hlutafjárins á Miðey ehf. Forkaupsréttargerningar, sem stjórnarmenn félagsins gerðu sem hluthafar 21. nóvember sl. án þess að gæta þessa, séu þannig ógildir frá upphafi samkvæmt 36. gr. samningalaga og almennum reglum um rangar eða brostnar forsendur. Einnig af þessum ástæðum sé neyting forkaupsréttar 21. nóvember sl. ólögmæt.

Almar Grímsson sé aðili að lögbannsbeiðni þeirri, sem hér sé um fjallað, auk Miðeyjar ehf. til öryggis, ef talið yrði, að það hlutafé, sem skráð var á hann, sé enn í hans eigu, en ekki Miðeyjar ehf., að frátöldum þeim auka-hlutum, sem Þór Sigþórsson hefur verið eigandi að og á nú að vera skráður fyrir innan félagsins. Telja sóknaraðilar ekki orka tvímælis, að varnaraðilar freisti þess að sölsa undir sig á ólögmætan hátt félagið Lyfjabúðir ehf., sem sé í meirihlutaeigu sóknaraðila. Sé því afar brýnt, að sóknaraðilar nái sem fyrst aftur yfirráðum í félaginu í samræmi við meirihlutaeign sína, en félagið stundi umfangsmikil og viðkvæm viðskipti á heilbrigðissviði með rekstri lyfsöluverslana.

Sóknaraðilar kveða tekið fram í ákvörðun sýslumanns frá 5. mars sl., að niðurstaða hennar byggist ekki síst á því, að líklegt verði að telja, að 1. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. eigi hér við. Í rökstuðningi ákvörðunarinnar sé ekki minnst sérstaklega á önnur form-

eða efnisskilyrði laga nr. 31/1990, sem stæðu í vegi fyrir lögbanni. Telja sóknaraðilar því ljóst, að fyrrgreind afstaða sýslumanns til 1. tl. 3. mgr. 24. gr. sé meginforsenda ákvörðunar hans og ráði úrslitum um þá niðurstöðu að hafna kröfum um lögbann.

Fyrir ákvörðun sýslumanns í málinu frá 9. janúar 1998 var einnig að nokkru leyti studd því, að 1. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. ætti við. Hafi þetta komið skýrt fram í úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 18. febrúar 1998. Í bókun sýslumanns 5. mars 1998 sé tekið fram, að með ákvörðun sinni 9. janúar 1998 hafi sýslumaður tekið afstöðu til beiðinnar efnislega. Hafi verið fjallað efnislega um skilyrði 1. tl. 3. mgr. 24. gr. í greinargerðum aðila og í málflutningi fyrir héraðsdómi og beri úrskurður héraðsdóms, sem felld hafi ákvörðun sýslumanns úr gildi, þess glögg merki. Blasi við, að héraðsdómur taldi, eftir að hafa metið málið, ekki liggja ljóst fyrir, að 1. tl. 3. mgr. 24. gr. stæði í vegi fyrir lögbanni, þó að hann hafi að mestu einskorðað umfjöllun sína við meginforsendu ákvörðunar sýslumanns frá 9. janúar 1998 um tómlæti. Eins og athugasemdir varnaraðila, sem lagðar voru fram hjá sýslumanni í fyrirtöku 4. mars sl., beri með sér, hafi ekkert nýtt komið fram í seinni meðferð málsins fyrir sýslumanni, sem skipti máli um beitingu 1. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990. Samt sem áður hafi sýslumaður byggt aftur á ákvæðinu í synjun sinni. Haldi sóknaraðilar því þannig fram, að forsendur ákvörðunar sýslumanns samrýmist ekki úrskurði héraðsdóms frá 18. febrúar 1998.

Pegar málið var tekið fyrir hjá sýslumanni 24. febrúar sl., hafi verið lýst yfir því, að varnaraðilar myndu á þeim tíma ekkert aðhafast, sem gengi gegn lögbannskröfunni. Síðar sama dag hafi varnaraðilar lagt inn geymslufé vegna nýtingar þeirra á ætluðum ónýttum forkaupsrétti gerðarbeiðanda Bessa Gíslasonar vegna atlaðrar sölu Almars Grímssonar á hlutum sínum í Lyfjabúðum ehf. og þannig freistað þess að sölsa undir sig afganginn af því hlutafé, að nafnverði 4.800.000 kr. Um þessa tilraun varnaraðila til að sölsa undir sig afganginn af þessu hlutafé vekja sóknaraðilar athygli á því, að lögbannskrafan tekur samkvæmt efni sínu til alls þess hlutafjár, sem um ræði. Beri því að taka tillit til þessara aðgerða varnaraðila sem viðbótarröksemdir fyrir því, að lögbann verði lagt á við allra fyrsta tækifæri.

IV.

Varnaraðilarnir Haraldur Jóhannsson og Jóhannes Jónsson kveða lögbannsbeiðni gerðarbeiðenda andstæða grundvallarreglum lögbannslaga. Lögbann sé í eðli sínu bráðabirgðaúrræði, sem gerðarbeiðandi geti átt rétt til, ef hann sanni eða geri sennilegt, að byrjuð eða yfirvofandi athöfn

gerðarþola muni brjóta gegn rétti hans og þau muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann knúinn til þess að biða dóms um þau, sbr. 24. gr. laganna. Í lögnum sé miðað við einfalda málsmeðferð hjá sýslumanni, sem m. a. komi fram í þeirri staðreynd, að einungis sé gert ráð fyrir takmörkuðum rétti gerðarþola til þess að halda uppi vörnum gegn lögbannskröfu. Í þessu máli hafi gerðarbeiðandi lagt fram lögbannsbeiðni hjá sýslumanni, sem sé tíu blaðsíður með ýtarlegri lýsingu málsatvika og málsástæðna. Beiðninni hafi fylgt upphaflega 75 fylgiskjöl, sem að mati gerðarbeiðanda séu til þess fallin að styðja kröfu hans. Þegar upp hafi verið staðið, hafi skjöl málsins verið orðin 82. Málatilbúnaður sem þessi sé ekki samrýmanlegur þeirri einföldu málsmeðferð, sem krafist sé í lögbannsmáli, og þeim ótvíræða rétti, sem um þurfi að vera að ræða hjá gerðarbeiðanda. Í greinargerð með 24. gr. lögbannslaga komi fram sú regla, að gerðarbeiðandi skuli sanna eða gera sennilegt, að athöfn brjóti gegn rétti hans, sé sett til að auka réttarvernd gerðarþola, þ. e., að hann þurfi ekki að þola óeðlilega notkun lögbannsúrræðisins. Eigi þetta augljóslega einkum við í málum sem þessum, þar sem um sé að ræða flókin lögskipti og aðila greini mjög á um lýsingu atvika og lagaskýringar.

Varnaraðilar telji, að ákvæðið í 1. tl. 3. mgr. 24. gr. lögbannslaga eigi beint við í máli þessu. Þar komi fram, að lögbann verði ekki lagt við athöfn, ef talið verði, að réttarreglur um refsingu eða skaðabætur fyrir rökun hagsmuna tryggi þá nægilega. Sóknaraðilar hafi sett fram áskilnað um skaðabætur, og fari ekkert á milli mála, að lagaúrræði um refsingar og skaðabætur veiti sóknaraðilum næga vernd. Í máli þessu séu innbyrðis deilur milli skráðra hluthafa í Lyfjabúðum ehf. og sóknaraðilanna Miðeyjar ehf. og Þórs Sigþórssonar. Úr þessum deilum eigi að leysa fyrir almennum dómstólum á grundvelli réttarreglna um einkahlutafélög, en ekki með bráðabirgðapvingunarúrræði sem lögbanni.

Varnaraðilinn Guðmundur Reykjálfn kveður kröfur sóknaraðila fyrir héraðsdómi ekki samhljóða kröfum sínum fyrir sýslumanni, og telur hann, að þeir geti ekki gert breytingu á kröfum sínum, þar sem sýslumaðurinn í Reykjavík hafi ekki tekið afstöðu til krafna í þeim búningi, sem þær séu fyrir héraðsdómi. Í tíu blaðsíðna lögbannsbeiðni sé hvergi minnst á laga-grundvöll lögbannskröfunnar og hvergi á lög um kyrrsetningu og lögbann. Verði það að teljast verulegur galli á lögbannsbeiðninni.

Telji sóknaraðilar, að á rétt sinn hafi verið gengið af hálfu varnaraðila, og eigi þeir þess kost að leita réttar síns fyrir dómstólum og gera kröfur um skaðabætur sér til handa, en þeir hafi áskilið sér rétt til skaðabóta og kært varnaraðilann til lögreglu. Verði því að telja, að réttarreglur um refsingu

eða skaðabætur fyrir röskun hagsmuna sóknaraðila tryggi þá nægilega og því ekki skilyrði fyrir lögbanni, sbr. 1. tl. 3. mgr. 24. gr. lögbannslaga.

Telur Guðmundur Reykjalín, að sóknaraðilar hafi hvorki sannað né gert sennilegt, að byrjaðar eða yfirvofandi aðgerðir varnaraðila brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti sóknaraðila, en það sé skilyrði 1. mgr. 24. gr. laganna.

Guðmundur Reykjalín kveður Þór Sigbórsson ekki hafa komið að stofnun Lyfjabúða ehf. Hann hafi ekki undirritað stofnsamning 21. júní 1996, og nafn hans sé ekki að finna á stofnsamningi, eins og gerð sé krafa um í 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Hafi nafn Þórs því ekki verið á hlutaskrá félagsins, sem hafi að geyma nöfn allra hluthafa félagsins, og þá skrá sé stjórn félagsins skylt að halda, sbr. 1. og 2. mgr. 19. gr. nefndra laga. Geti réttur Þórs Sigbórssonar því ekki byggst á því, að hann teljist til stofnenda félagsins, en þeir einir geti verið áskrifendur hluta við stofnun, sbr. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Við stofnun Lyfjabúða ehf. hafi neðangreindir skráð sig fyrir hlutum í félaginu:

Almar Grímsson	Kr.	2.666.667
Bessi Gíslason	–	2.666.667
Guðmundur Reykjalín	–	2.666.666
Jóhannes Jónsson	–	1.000.000
Haraldur Jóhannsson	–	500.000
	Kr.	9.500.000

Í samræmi við þessa skráningu hafi stjórn félagsins, skipuð sóknaraðilunum Almar og Bessa og varnaraðilanum Jóhannesi, gefið út hlutafjármiða til Guðmundar Reykjalín vegna skattframtals árið 1997. Samkvæmt honum taldi stjórnin fyrir hönd félagsins fram á Guðmund hlut, að nafnverði 2.666.667 kr. í Lyfjabúðum ehf. Verði ekki séð, hvaða lögvarða hagsmuni Almar og Bessi hafi nú af því að reyna að hindra, að Guðmundur nýti sér þann rétt, sem þeir hafi lýst yfir gagnvart honum sjálfum og skattyfirvöldum, að hann eigi og hafi talið fram til skatts.

Stjórn Lyfjabúða ehf. hafi tilgreint í skýrslu sinni, sem fylgdi ársreikningi félagsins árið 1996, að hluthafar væru fimm og þar sé í engu getið Þórs Sigbórssonar, forstjóra Lyfjaverslunar Íslands. Þessa yfirlýsingu hafi sóknaraðilarnir Almar og Bessi undirritað.

Þá kveður Guðmundur nafn Þórs Sigbórssonar ekki að finna á áskriftaskrá vegna hlutafjárhækkunar í félaginu. Hafi hlutafé verið hækkað árið 1997 úr 9.500.000 kr. í 20.000.000 kr. með áskrift nýrra hluta. Fari áskrift

nýrra hluta fram með skráningu í gerðabók samkvæmt 27. gr. laga um einkahlutafélög. Fullyrðing í lögbindsbeiðni um, að Þór Sigþórsson hafi við hlutafjárukninguna í félaginu skráð sig fyrir eða verið skráður fyrir 1.600.000 kr., sé því röng og ekki studd neinum gögnum. Eftir hlutafjárukninguna hafi skipting hlutafjár í Lyfjabúðum ehf. verið þessi samkvæmt gerðabók félagsins:

Almar Grímsson	Kr.	4.800.000
Bessi Gíslason	–	4.800.000
Guðmundur Reykjalín	–	4.800.000
Jóhannes Jónsson	–	3.600.000
Haraldur Jóhannsson	–	2.000.000
	Kr.	20.000.000

Þessir aðilar hafi verið hinir einu, sem félagið gat snúið sér til um innheimtu hlutafjárins, og hinir einu, sem félagsstjórnin mátti gefa út hlutaskírteini til, sbr. 3. mgr. 19. gr. laga um einkahlutafélög.

Þá hafi Miðey ehf. aldrei verið skráð á hlutaskrá Lyfjabúða ehf. Með bréfi 21. ágúst 1997 hafi Almar Grímsson tilkynnt, að hann hafi stofnað einkahlutafélagið Miðey ehf. og óskað þess, að hlutafjáreign sín yrði skráð á það félag. Hann hafi ekki þá þegar tilkynnt öðrum stjórnarmönnum um eigendaskipti á hlutum í félaginu, en honum hafi borið að taka málefnið fyrir á stjórnarfundi vegna forkaupsréttar stjórnarinnar að hlutum við eigendaskipti, og að félaginu frágengnu eigi hluthafar forkaupsrétt. Hann tilkynnti hins vegar stjórnarmönnum, að hann segði af sér í stjórn félagsins, og kynnti nýjan hluthafa, Grím Sæmundsen, sem hafi síðan komið fram fyrir hönd Almars og Miðeyjar ehf., og sé hann varamaður í stjórn Miðeyjar ehf. Á stjórnarfundi 14. nóvember 1997 hafi verið ákveðið að boða til hluthafafundar 21. nóvember 1997 og að dagskráin yrði kosning stjórnar. Hinn 21. nóvember sl. hafi síðan verið haldinn stjórnarfundur og Jóhannes Jónsson kjörinn stjórnarformaður og aðrir stjórnarmenn Haraldur Jóhannsson og Guðmundur Reykjalín. Á stjórnarfundi 21. nóvember sl. hafi verið tekin fyrir tilkynning Almars um eigendaskipti á hlutum hans í félaginu. Stjórnin hafi ákveðið að hafna forkaupsrétti, en bjóða hluthöfum forkaupsrétt, og voru bréf þar að lútandi send öllum hluthöfum. Hafi varnaraðilar ákveðið að neyta forkaupsréttar síns og greitt fyrir hlutina með geymslugreiðslu 24. desember sl., eftir að Almar hafði endursent ávísanir þeirra. Bessi hafi tilkynnt, að hann hygðist jafnframt neyta forkaupsréttar, ef talið væri, að til hans hefði stofnast. Hann hafi hins vegar ekki greitt kaupverðið.

Guðmundur Reykjalín kveður ekki verða séð, hvernig Þór Sigþórsson

og Miðey ehf. geti krafist lögbanns á athafnir varnaraðila, þar sem þeir hafi aldrei verið skráðir hluthafar, sbr. 1. mgr. 24. gr. lögbannslaga, þar sem sanna verði eða gera sennilegt, að athafnir brjóti gegn rétti gerðarbeiðandans. Almar Grímsson hafi tilkynnt eigendaskipti að bréfum sínum, og hafi forkaupsréttarhafar tilkynnt, að þeir neyti forkaupsréttar. Verði því ekki séð, hvernig hann geti með lögbannsgerð komið í veg fyrir, að varnaraðilar neyti þess réttar. Eftir því sem fram komi í lögbannsbeiðni, sé ekki að sjá, að því sé haldið fram, að verið sé að brjóta gegn einhverjum rétti, sem Bessi Gíslason telji sig eiga, og geti hann því ekki krafist lögbanns, þar sem sanna verði eða gera sennilegt, að brotið sé gegn rétti lögbannsbeiðanda. Af þessum ástæðum beri að hafna kröfum sóknaraðila.

V.

Krafa sóknaraðila lýtur í fyrsta lagi að því, að lagt verði fyrir sýslumanninn í Reykjavík að leggja á lögbann við því, að varnaraðilar geti nýtt sér atkvæðisrétt eða annan rétt, sem fylgir því hlutafé, að nafnverði 4.800.000 krónur, sem skráð var á Almar Grímsson í hlutaskrá Lyfjabúða ehf. 1. september 1997.

Meðal gagna málsins er fundargerð hluthafafundar í Lyfjabúðum ehf. frá 20. febrúar 1997. Á fundinum voru varnaraðilar og sóknaraðilinn Bessi, og var þar borin fram og samþykkt tillaga um að auka hlutafé félagsins úr 9.500.000 krónum í 20.000.000 króna. Á fylgiskjali með endurriti úr fundargerðabókinni kemur fram, að Almar Grímsson á hlutafé í félaginu að fjárhæð 4.800.000 krónur. Fylgiskjal þetta er undirritað af varnaraðilum málsins og sóknaraðilunum Almari og Bessa. Fyrir neðan undirskrift Almars stendur: f. h. AL-BAS ehf., og fyrir neðan undirskrift varnaraðilans Jóhannesar stendur: verður Gaumur ehf.

Þá er meðal gagna málsins fundargerð stjórnarfundar í Lyfjabúðum ehf. frá 15. ágúst sl. Í upphafi er skráð, að stjórn félagsins sé viðstödd, þ. e. sóknaraðilarnir Almar og Bessi og varnaraðilinn Jóhannes ásamt framkvæmdastjóranum, varnaraðilanum Guðmundi Reykjalín. Undir liðnum Önnur mál er bókað: „Almar Grímsson bar fram eftirfarandi tillögu: Með vísan til umræðu innan stjórnar og hluthafahóps Lyfjabúða ehf. staðfestir stjórnin, að hluthöfum, sem við stofnun félagsins skráðu hlut sinn í eigin nafni, sé heimilt að yfirfæra þann hlut á einkafyrirtæki sín. Þessi tillaga var samþykkt.“

Með bréfi 21. ágúst 1997 tilkynnti sóknaraðilinn Almar framkvæmdastjóra Lyfjabúða ehf., varnaraðilanum Guðmundi Reykjalín, að hann og kona sín hefðu stofnað einkahlutafélagið Miðey, og myndi það annast

umsýslu hlutafjäreignar þeirra í Lyfjabúðum ehf. Á þetta bréf ritar varnar- aðilinn Guðmundur 15. ágúst 1997: „Hlutafjäreignin er skráð á ofangreint félag í bókum stjórnar Lyfjabúða.“

Með vísan til þess, sem nú hefur verið rakið, og þegar höfð hefur verið hliðsjón af sjónarmiðum aðila málsins, sem rakin eru í köflum III og IV hér að framan, er það niðurstaða dómsins, að sóknaraðilar hafi gert sennilegt, að varnaraðilar kunni að brjóta gegn lögvörðum rétti þeirra, ef þeir nýta sér atkvæðisrétt eða annan rétt, sem fylgir framangreindu hlutafé, er skráð var á sóknaraðilann Almar Grímsson. Þá er það á sama hátt niðurstaða dómsins, að sóknaraðilar kunni að verða fyrir teljandi spjöllum, ef þeir verða að bíða niðurstöðu dóms um ágreiningsefnin. Ljóst má og vera af gögnum málsins, að hér eru í húfi miklir fjárhagslegir hagsmunir fyrir sóknaraðila, og getur dómurinn af þeim sökum ekki fallist á, að ákvæði 1. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. eigi hér við. Samkvæmt öllu framansögðu verður orðið við kröfu sóknaraðila, að því er þennan lið kröfugerðar þeirra varðar.

Í öðru lagi er þess krafist, að lagt verði lögbann við því, að varnaraðilar geti nýtt sér atkvæðisrétt eða annan rétt, sem fylgir því hlutafé, að nafn- verði 1.200.000 krónur, sem skráð var á Guðmund Reykjalín í hlutaskrá Lyfjabúða ehf. 1. september 1997 og hann fór með í umboði Þórs Sigþórs- sonar.

Meðal gagna málsins er minnisblað frá 27. febrúar 1997. Það er svohljóð- andi: „Hluthöfum Lyfjabúða ehf. er kunnugt um eftirfarandi: Við stofnun félagsins var hluthafi, sem ekki gat látið nafns síns getið. Því var það ráð tekið, að hlutur hans skiptist á hluthafana Almar, Bessa og Guðmund, þannig, að 1/3 hluti þess hlutafjár, sem þeir eru skrifaðir fyrir, tilheyrir í raun hinum ónefnda aðila. Þegar til þess kemur, að hlutafé þetta verði skráð á nafn hins ónefnda, samþykkja allir hluthafar, að ekki verði beitt ákvæðum um forkaupsrétt, enda hér aðeins um formsatriði að ræða. Sama gildir um aukningu hlutafjár. Hluthafarnir þrír, þ. e. Almar, Bessi og Guð- mundur, koma fram fyrir hönd hins ónefnda og neyta réttar hans. Falli hinn ónefndi hins vegar frá aukningu þeirri, er honum ber, eða kjósi að afsala sér hlut sínum í stofnhlutafé, skal ákvæðum forkaupsréttar beitt á þann hátt, að reiknuð verði út hlutdeild hvers og eins án hlutar hins ónefnda. Stofnhlutafé verði í þeim útreikningi lækkað sem nemur hlut hans.“ Til staðfestingar þessu rita varnaraðilar undir svo og sóknaraðilarnir Almar og Bessi. Eins og áður hefur komið fram, er hinn ónefndi sóknaraðili Þór Sig- þórsson.

15. ágúst 1997 ritar Guðmundur Reykjalín nefndum Þór bréf, þar sem

honum er tilkynnt, að á stjórnarfund í Lyfjabúðum ehf., er haldinn hafi verið sama dag, hafi verið ákveðið, að lokafrestur til greiðslu hlutafjárloforða renni út kl. 12.00 á hádegi 22. ágúst. Síðar í bréfinu segir orðrétt: „Ógreitt hlutafjárloforð þitt nemur 1.600.000 kr. auk áfallinna vaxta, sem nema í dag 52.500 kr.“ Þá koma upplýsingar um bankareikning, og í lokin segir: „Hlutafjárloforð, sem verða ekki greidd á tilskildum tíma, verða boðin hluthöfum til kaups í samræmi við samþykktir félagsins.“ Bróðir Þórs greiddi hina umkröfðu fjárhæð innan tilskilins frests.

Á sama hátt og um fyrri hluta lögbannskröfunnar er vísað til þess, sem segir í köflum III og IV hér að framan, um sjónarmið aðila. Það er niðurstaða dómsins, að sóknaraðilar hafi með framangreindum gögnum gert sennilegt, að sóknaraðilinn Þór Sigþórsson eigi í raun umræddan hlut í Lyfjabúðum ehf. og að réttindi hans kunni að fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum, verði hann að bíða dóms um ágreining aðila. Þá telur dómurinn, að ákvæði 1. tl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o. fl. eigi hér ekki við, með sömu röksemdum og að framan greinir.

Samkvæmt öllu framansögðu er niðurstaðan sú, að ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 5. mars sl. um að hafna kröfum sóknaraðila er felld úr gildi, og er lagt fyrir sýslumann að leggja lögbann gegn þeirri tryggingu, er hann metur hæfilega, við nýtingu varnaraðila á atkvæðisrétti og öðrum rétti, er fylgir framangreindu hlutafé, eins og nánar greinir í dómsorði. Þá skulu varnaraðilar óskipt greiða sóknaraðilum 250.000 krónur í málskostnað.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Felld er úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík frá 5. mars sl. um að hafna lögbannskröfu sóknaraðila, Almars Grímssonar, Bessa Gíslasonar, Þórs Sigþórssonar og Miðeyjar ehf., og er lagt fyrir sýslumann að leggja á lögbann gegn þeirri tryggingu, er hann metur hæfilega, við því, að varnaraðilar, Guðmundur Reykjálín, Haraldur Jóhannsson og Jóhannes Jónsson, geti nýtt sér atkvæðisrétt eða annan rétt, sem fylgir því hlutafé, að nafnverði 4.800.000 krónur, sem skráð var á Almar Grímsson í hlutaskrá Lyfjabúða ehf. 1. september 1997, og hlutafé, að nafnverði 1.200.000 krónur, sem skráð var á Guðmund Reykjálín í hlutaskrá Lyfjabúða ehf. 1. september 1997 og hann fór með í umboði Þórs Sigþórssonar. Lögbannið skal einnig ná til

þeirra, sem kunna að reisa rétt sinn á framsali þessara hluta frá varnaraðilum.

Varnaraðilar greiði óskipt sóknaraðilum 250.000 krónur í málskostnað.
